


Niðurstöður lundaralls 2014

Nú liggja fyrir frumniðurstöður úr tveimur hringferðum umhverfis Ísland þar sem 12 lundabyggðir eru heimsóttar. Þetta er fimmta ár þessarar vöktunar sem hefur verið fjármögnuð af Veiðikortasjóði og Náttúrustofu Suðurlands. Í fyrri ferðinni er mæld ábúð (hlutfall hola sem orpið er í) en varpárangur og fæðuval í þeirri seinni. Viðkoma (fleygir ungar á holu) er margfeldi ábúðar og varpárangurs. Hér á eftir eru teknar saman niðurstöður mælinga á viðkomu frá 2011 (1. Mynd). Niðurstöðunum má skipta upp í þrjú landsvæði sem samsvara þrem helstu hafgerðum við strendur Íslands.





Mynd tekin á sjálfvirka myndavél í Grímsey

Á norðursvæði (Vigur-Hafnarhólmi) hefur sjór helst hlýnað að sumarlagi. Þar verpur um 24% íslenska lundastofnsins nú. Ábúð varphola fer vaxandi á norðursvæði, ábúð var 81% að meðaltali í ár samanborið við 77% meðaltal sl. 5 ára. Viðkoma í ár (0,67 ungi/holu) er í meðallagi en viðkoma þar hefur verið almennt há og breytileiki milli ára hlutfallslega lítill eða 0,65 ($\pm 0,164$ staðalfrávik) að meðaltali 2011-2014. Sandsíli er nú aðalfæða á norðursvæði samkvæmt rannsóknum okkar með ljósmyndum af varpfuglum með fæðu í nefi, en var loðna fyrir 1996 skv. Kristjáni Lilliendahl & Jón Sólmundssyni 1998 (Bliki 19-: 1-12).



Lundi með loðnu í Papey

Á SA-svæði (Papey) hefur ríkt millibilsástand á milli norður- og suðursvæða en þar ríkir kaldur ólagskiptur sjór og eina svæðið á seinni árum þar sem loðna er stór hluti fæðu. Um 20% lundastofnsins verpur á þessu svæði. Vart hefur verið við ungarauða í Papey árlega frá 2005. Lítil sem engin viðkoma var þar árin 2011-12 og lítið um loðnu en árin 2013-14 var viðkoma svipuð og á norðursvæði og loðna ríkjandi fæða.



Hluti 2014 árgangs í Akurey, Faxaflóa

Á suðursvæði (Ingólfshöfði-Elliðaey Breiðafirði) eða suður- og vesturlandi ríkir Atlantssjór sem hefur hlýnað mest síðla vors og fram á haust. U.þ.b. 56% íslenska varpstofnsins verpur nú á þessu svæði og fer ört fækkandi. Ábúð varphola 2014 er alstaðar undir 55%, og lægst í Vestmannaeyjum 39%. Viðkoma á suðursvæðinu árin 2010-2014 hefur verið lítil sem engin að árinu 2013 undanskildu þegar hún var að meðaltali 41.4% en varp misfórst það ár í Vestmannaeyjum. Fæðuskortur hefur verið áberandi. Í ár afræktu lundar hátt hlutfall eggja, mest 87% í Vestmannaeyjum, og ungapauki mikill. Talsverður sílaburður hefur verið í Akurey fyrir utan Reykjavík og var klakhlutfall mun hærra en annarstaðar á svæðinu (91%). Ungapauki hefur hinsvegar verið samfelldur yfir ungarímann og verður viðkoma þar undir 0,2 unga á holu.



Leiðangursmenn á Akureyri á leið í Grímseyjarflug

Meðalviðkoma á landsvísu vegin með stofnstærð svæða hefur verið 0,31 ungar/varpholu ($\pm 0,216$ staðalfrávik) árabilið 2010-2014. Áætlað meðaltal fyrir Vestmannaeyjar 1971-2002 er 0,53 ($\pm 0,208$ staðalfrávik). Meðallandsframleiðsla unga er tæplega helmingur þess sem var fyrir fæðuskort. Veiðar úr þessum stofni eru ósjálfbærar meðan ungaframleiðslan er svo lág. Nýliðun hefur verið neikvæð síðan árið 2002 eða 12 ár og veruleg stofnfækkun átt sér stað (um 25% eða 2,1%/ári). Það má varpa þeirri spurningu fram hvort núverandi veiðar séu í samræmi við alþjóðlega sáttmála og ábyrgð Íslands á þessum stofni, en hér verður um 40% heimsstofnsins og er lundi algengasta fuglategund við Ísland.